

Reyðarfjörður
6.september 2022

Erindi til bæjarstjórnar og fræðslunefndar Fjarðabyggðar.

Sent

Jóni Birni Hákonarsyni bæjarstjóra,
Þóroddi Helgasyni fræðslustjóra,
Birgi Jónssyni formanni fræðslunefndar,
Marinó Stefánssyni sviðsstjóra framkvæmdasviðs
Jóni Grétari Margeirssyni fasteigna og framkvæmdafulltrúa.

Undanfarin misseri hafa málefni sundlaugarinnar á Reyðarfirði og sundkennsla grunnskólabarna verið nokkuð áberandi í umræðu hér í bæjarfélaginu. Reyðfirskum börnum hefur verið ekið til Eskifjarðar og fengið þar sína lögbundnu sundkennslu. Þar sem framkvæmdir við nýtt íþróttahús á Reyðarfirði standa enn yfir, þjuggust undirritaðar við því að sundkennsla þessa árs yrði með þessu sama formi. Þegar skólinn hófst nú á dögunum kom aftur á mót í ljós að börnin koma ekki til með að fá sundkennslu í haust. Þess í stað stendur til að þau fari tvisvar í viku í sund í sundlauginni á Reyðarfirði eftir áramót.

Nú í byrjun september standa framkvæmdir við nýtt íþróttahús enn yfir og samkvæmt nýjustu áætlunum eru verklok áætluð í nóvember 2022, tveimur árum eftir fyrstu áætlðu verklok. Í ljósi þess að íþróttakennsla við grunnskóla Reyðarfjarðar fer enn fram í gamla íþróttahúsinu munu engar framkvæmdir við sundlaugina geta hafist fyrr en eftir að byggingu nýja hússins er lokið.

Það er einnig vert að taka fram að ef sundkennslan mun á endanum þurfa að fara fram á Eskifirði vegna þess að framkvæmdum við sundlaug Reyðarfjarðar verður ekki lokið á tilteknum tíma þá er veturinn almennt þyngri eftir áramót og því meiri líkur á að veður og færð verði til vandræða. Ef það þarf á annað borð að keyra börnunum á milli fjarða í sund þá er skynsamlegra að hefja þann akstur sem fyrst í stað þess að þau þurfi að fara tvisvar í viku eftir áramót, að líkindum í verra veðri og með meiri áhrifum á lengingu stundatöflunnar.

Við óskum því eftir upplýsingum um:

- Verkáætlun við viðgerð sundlaugarinnar.
- Upplýsingum um útboð vegna viðgerðarinnar.
- Kostnaðaráætlun fyrir verkið.
- Hvort að gert hafi verið ráð fyrir þessu verki í fjárhagsáætlun.

Virðingarfyllt

Anna Sigrún Jóhannudóttir og Guðlaug Björgvinsdóttir.